

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um félagslega stöðu barnungra mæðra.

Frá Jódísi Skúladóttur.

1. Er regluverk um félagslegt stuðningskerfi mæðra yngri en 18 ára sambærilegt við það sem er í nágrannalöndum okkar? Ef ekki, kemur til álita af hálfu ráðherra að færa stuðningskerfið hér á landi því til samræmis?
2. Fá mæður yngri en 18 ára einungis fæðingarstyrk? Eiga þær rétt á frekari fjárhagsstuðningi frá sveitarfélagi sínu? Hefur ríkið aðkomu að þessum fjárhagsstuðningi?
3. Fær móðirin sjálf þær stuðningsgreiðslur sem hún á rétt á með barninu eða renna þær til forráðamanna hennar?

Skriflegt svar óskast.